

Ár 2016, fimmtudaginn 16. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands

I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands.

II.

Kjararáð hefur haft launakjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands til skoðunar. Af því tilefni var skrifstofustjórum með bréfum dagsettu 2. mars 2016 gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, annars vegar um laun skrifstofustjóra almennt og hins vegar um eigin launakjör. Jafnframt var óskað eftir ítarlegum upplýsingum um verkefni og starfsmannafjölda þeirrar skrifstofu sem viðkomandi stýrði og hvernig skrifstofan tengdist undirstofnunum ráðuneytisins. Einnig var óskað eftir upplýsingum um aukastörf og hlunnindi sem starfinu kynnu að fylgja, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um kjararáð. Með bréfum dagsettu sama dag var öllum ráðuneytum gefinn kostur á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um kjararáð. Jafnframt var óskað eftir ítarlegum upplýsingum um skipulag ráðuneytanna, þar með talið hvernig þau skiptust í skrifstofur, hver væru verkefni hvernar skrifstofu, hverjir hefðu skipun sem skrifstofustjórar í ráðuneytinum, hvaða skrifstofum þeir stýrðu og hvaða starfsmenn heyrðu undir hvern skrifstofustjóra. Einnig var óskað eftir afriti af erindisbréfum skrifstofustjóranna, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011. Með bréfi dagsettu sama dag var fjármála- og efnahagsráðuneytinu gefinn kostur á að leggja fram greinargerð vegna málsins, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármála- og efnahagsráðuneytisins dagsettu 22. mars 2016 segir að ráðuneytið telji eðlilegt að kjararáð horfi á þá launaþróun sem verið hafi við athugun á því hvort endurmeta eigi laun skrifstofustjóra og gæti jafnræðis við töku ákvarðana.

Kjararáði bárust bréf allra ráðuneyta í mars og apríl 2016. Í bréfunum er gerð grein fyrir verkefnum ráðuneytanna, skipulagi þeirra og starfi skrifstofustjóra. Fram kemur að skipulag Stjórnarráðs Íslands hafi breyst mikið á undanförunum árum, álag á stjórnsýsluna hafi almennt aukist, ráðuneytum hafi fækkað og skrifstofur séu nú færri og stærri en áður. Meðal þess sem segir í bréfunum er að verkefni skrifstofustjóra séu að mörgu leyti lítt fyrirsjáanleg frá einum tíma til annars. Skrifstofustjórar þurfi alloft að bregðast skjótt við málum og verkefnum, óháð því hvort það sé innan hefðbundins vinnutíma í ráðuneytinu eða utan. Segir jafnframt að veruleg yfirvinna fylgi starfi skrifstofustjóra í ráðuneytum. Einnig er bent á að laun skrifstofustjóra hafi ekki hækkað í samræmi við almenna launaþróun. Mikilvægt sé að ráðuneytin geti fengið til sín hæfa sérfræðinga og stjórnendur, en borið hafi á því í sumum ráðuneytum að erfitt sé að laða að stjórnendur og lykilsérfræðinga til að sinna krefjandi verkefnum. Þá kemur fram að starf skrifstofustjóra sé um margt einstakt og álitamál hvort finna megi starf á vinnumarkaði sem styðjast megi við til samanburðar. Einna helst megi líkja störfum þeirra við störf forstöðumanna varðandi fjárhagslegt umfang, fjölda málefna, flækjustig rekstrar og almennt utanumhald sem ákvarðanir um laun grundvallist alla jafna á. Fjöldi starfsmanna sem heyri undir skrifstofustjóra sé þó að jafnaði ekki sambærilegur við fjölda starfsmanna sem heyri undir forstöðumann stofnunar. Hins vegar verði ekki hjá því komist að benda á að skrifstofustjórum sé ætlað að hafa yfirsýn yfir rekstur og faglegt starf

margvíslegra stofnana sem heyri undir viðkomandi ráðuneyti. Þá segir einnig að auk þess að stjórn skrifstofum beri skrifstofustjórar ábyrgð á því að fylgja eftir stefnumörkun ráðherra hverju sinni og svara til ráðherra þegar kemur að árangri þeirra stofnana sem undir skrifstofu hans heyri. Jafnframt kemur fram að með nýjum lögum um opinber fjármál hafi verið lögð enn ríkari áhersla á stefnumótun, eftirlit og árangur stofnana en áður og um leið aukin ábyrgð á skrifstofustjóra sem gegni lykilhlutverki hvað þessi atriði varði.

Fjögur ráðuneyti sendu erindisbréf fyrir skrifstofustjóra en í þeim er gerð grein fyrir verkefnum hverskrifstofu auk þess sem hlutverki og starfsskyldum skrifstofustjóra er nánar lýst.

Kjararáði bárust bréf frá flestum skrifstofustjórum í mars og apríl 2016. Í bréfunum er tekið undir sjónarmið um endurskoðun launakjara skrifstofustjóra en þau hafi ekki haldið í við almenna launaþróun í samfélaginu. Í bréfunum gera skrifstofustjórar grein fyrir verkefnum sínum og þeim skrifstofum sem þeir stýra. Þá eru í bréfunum reifuð ýmis sjónarmið sem varða starfsumhverfi skrifstofustjóra. Fram kemur að skrifstofustjórar leiði starf skrifstofu og beri faglega og stjórnunarlega ábyrgð á störfum hennar. Miklar breytingar hafi orðið á skipulagi og verkefnum ráðuneyta á undanförunum árum. Með fækkun ráðuneyta hafi skrifstofum fækkað og þær séu nú stærri en áður og umfang verkefna og álag í starfi hafi þar með aukist. Fram kemur að gerðar séu kröfur um þekkingu skrifstofustjóra á fleiri málefnasviðum en áður og kröfur um skilvirkni og árangur hafi aukist verulega. Þá séu skrifstofustjórar stöðugt til staðar fyrir ráðherra, ráðuneytisstjóra og starfsmenn sína. Sumir nefna að starf skrifstofustjóra sé ekki einsleitt, umfang og ábyrgð séu breytileg eftir skrifstofum og pólitískum áherslum hverju sinni.

Með bréfum dagsettum 20. apríl 2016 fengu skrifstofustjórar send bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis og bréf viðkomandi fagraráðuneytis til kynningar og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra. Engar athugasemdir bárust.

III.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011 mynda ráðherrar í ríkisstjórn Íslands og ráðuneyti þeirra Stjórnarráð Íslands. Ráðuneyti eru skrifstofur ráðherra og æðstu stjórnvöld framkvæmdarvaldsins hvert á sínu málefnasviði. Eitt af markmiðum frumvarps þess sem varð að nefndum lögum um Stjórnarráð Íslands var að auka sveigjanleika framkvæmdarvaldsins til þess að skipuleggja starfsemi sína. Það auðveldi Stjórnarráðinu að laga sig að breyttum þörfum og áherslum við pólitíska stefnumörkun sem aftur ýti undir skilvirkari undirbúning stjórnarframkvæmdar í hverjum málaflokki.

Ráðuneyti eru ekki talin upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands en ákveða skal fjölda þeirra og heiti með forsetaúrskurði, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Áður en forsetaúrskurður er gefinn út skal lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga sem komi þegar til umræðu og afgreiðslu. Samkvæmt forsetaúrskurði um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti nr. 99/2012, skiptist Stjórnarráð Íslands nú í ráðuneyti sem hér segir: Forsætisráðuneyti, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, innanríkisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, utanríkisráðuneyti og velferðarráðuneyti.

Samkvæmt lögum um Stjórnarráð Íslands heyra stjórnarmálefni undir ráðuneyti eftir ákvæðum forsetaúrskurðar, sbr. 15. gr. stjórnarskrárinnar, sem kveðinn er upp samkvæmt tillögu forsætisráðherra, sbr. nú forsetaúrskurð nr. 71/2013, með síðari breytingum. Segir jafnframt í lögnum að við skiptingu stjórnarmálefna á milli ráðuneyta skuli þess jafnan gætt

að teknu tilliti til skiptingar Stjórnarráðsins í ráðuneyti að eðlislík stjórnarmálefni heyri undir sama ráðuneyti.

Í lögum um Stjórnarráð Íslands er kveðið á um lögbundin verkefni innan Stjórnarráðs Íslands, hlutverk ráðherra, ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra og innleiddar breytingar sem miða að því að bæta störf og starfshætti ráðherra, ríkisstjórna og stjórnsýslu Stjórnarráðsins. Í lögnum er forsætisráðuneytinu falið sérstakt forystu- og samræmingarhlutverk, verkstjórnarvald og frumkvæðisskylda. Forsætisráðuneytið skal gefa út leiðbeinandi erindisbréf fyrir ráðuneytisstjóra, skrifstofustjóra og aðstoðarmenn ráðherra. Sérstakur kafli er í lögnum um siðferðileg viðmið fyrir stjórnsýsluna og skal forsætisráðherra staðfesta siðareglur fyrir starfsmenn Stjórnarráðsins, sbr. nú siðareglur nr. 410/2012. Með lögnum voru einnig gerðar ýmsar breytingar sem lúta að starfsmannahaldi og mannauðsmálum ráðuneyta. Má þar nefna að ráðherra skipar ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra að fengnu mati hæfnisnefnda og setja skal ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra erindisbréf, þar sem meðal annars skal kveðið á um starfssvið þeirra og starfsskyldur.

Ráðherra skal skipuleggja aðalskrifstofu ráðuneytis með því að skipta henni upp í fagskrifstofur og skal hverri skrifstofu stýrt af skrifstofustjóra undir yfirstjórn ráðuneytisstjóra. Ráðuneytisstjórar stýra ráðuneytum undir yfirstjórn ráðherra. Í forföllum ráðuneytisstjóra gegnir staðgengill störfum hans. Staðgengill skal koma úr röðum skrifstofustjóra samkvæmt ákvörðun ráðuneytisstjóra.

Kjararáði bárust erindisbréf fyrir skrifstofustjóra í fjórum ráðuneytum af átta, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Í þeim er annars vegar gerð grein fyrir sértækum verkefnum hverskrifstofu og hins vegar með almennum hætti fjallað um starfssvið og almennar starfsskyldur skrifstofustjóra. Kemur meðal annars fram að skrifstofustjóri leiðir starf skrifstofu og beri ábyrgð á daglegum störfum gagnvart ráðuneytisstjóra. Hann skipuleggur störf starfsmanna skrifstofu og stuðlar að faglegri og metnaðarfullri starfsemi ráðuneytisins í almannabágu í samvinnu við ráðuneytisstjóra.

Skrifstofustjóra ber að veita ráðherra og ráðuneytisstjóra upplýsingar og ráðgjöf sem byggist á staðreyndum og faglegu mati á valkostum þannig að ráðuneytið geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumörkun. Honum ber að vinna að framgangi og árangri þeirra laga og stefnumörkunar sem verkefni skrifstofunnar byggjast á og virkja til þess aðra starfsmenn skrifstofunnar. Þá ber honum að stuðla að framgangi og árangri stefnumörkunar á sviði skrifstofunnar í samráði við ráðuneytisstjóra og virkja aðra starfsmenn skrifstofunnar við vinnslu og útfærslu slíkra verkefna.

Skrifstofustjóri ber í samræmi við stöðu sína samkvæmt skipuriti, ábyrgð á að starfsemi og afgreiðsla mála skrifstofunnar á hverjum tíma sé fagleg og í samræmi við lög og gildandi reglur, skráðar jafnt sem óskráðar. Skrifstofustjóri sér um undirbúning að ráðningu starfsmanna skrifstofunnar í umboði og í samráði við ráðuneytisstjóra og rekstrarstjóra eða mannauðsstjóra eftir því sem við á. Þá ber skrifstofustjóra að stuðla að góðri samvinnu innan ráðuneytis. Skrifstofustjórinn ákveður verkaskiptingu skrifstofunnar og honum ber að gera ráðuneytisstjóra og ráðherra viðvart ef talið er að ákvörðun ráðherra kunnir að vera í ósamræmi við lög. Þá skal skrifstofustjóri hvetja starfsmenn til árangurs í störfum sínum og stuðla að markvissri endurmenntun og þjálfun starfsmanna.

Skrifstofustjóra ber að fara eftir þeim reglum og grunngildum sem fram koma í stjórnarskránni nr. 33/1944, lögum um Stjórnarráð Íslands nr. 115/2011, lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996, stjórnsýslulögum nr. 37/1993, upplýsingalögum nr. 140/2012, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, siðareglum fyrir starfsfólk Stjórnarráðsins nr. 410/2012 og öðrum lögum og reglum sem um starfsemi

ráðuneyta gilda. Tekið er fram að lýsing á starfssviði og starfsskyldum sé ekki tæmandi og beri skrifstofustjóra jafnan að sinna tilfallandi verkefnum sem honum eru falin af ráðuneytisstjóra eða ráðherra innan þeirra marka sem lög kveða á um.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands laun 17. júlí 2009 og hafa laun þeirra frá þeim tíma tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Með nefndum úrskurði var ákveðið að gera greinarmun á mánaðarlaunum skrifstofustjóra, sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra, og mánaðarlaunum skrifstofustjóra sem stýra skrifstofu og heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Einnig var gerður munur á mánaðarlaunum staðgengils ráðuneytisstjóra og annarra skrifstofustjóra en hann þó minnkaður frá því sem áður hafði verið. Þá skyldu einingar ákveðnar sérstaklega fyrir hvern og einn skrifstofustjóra og var þá einkum tekið mið af verkefnum, stærð skrifstofa og samsetningu starfsliðs þeirra, þar á meðal fjölda sérfræðinga á hverri skrifstofu. Í kjölfar breytinga á skipulagi ráðuneyta hefur kjararáð endurskoðað fjölda eininga margra skrifstofustjóra eftir því sem tilefni hefur gefist til. Nú er svo komið að flestir skrifstofustjórar innan Stjórnarráðsins eru með jafnmargar einingar.

Fram hefur komið að skipulag og lagaumgjörð Stjórnarráðs Íslands hefur breyst á undanförunum árum. Einnig hefur komið fram að ráðuneyti eru ekki talin upp með tæmandi hætti í lögum um Stjórnarráð Íslands en fjöldi þeirra og heiti skal ákveðinn með forsetaúrskurði samkvæmt tillögu forsætisráðherra. Fjöldi ráðuneyta og skipulag þeirra getur því breyst frá einum tíma til annars. Frá því síðast var úrskurðað um laun skrifstofustjóra hefur ráðuneytum fækkað og skipulag þeirra breyst en þau eru nú almennt stærri en áður. Hið sama gildir um skrifstofur ráðuneytanna. Þá hefur skrifstofustjórum fækkað, einkum þeim sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra. Verkefni Stjórnarráðsins eru þó síst umfangsminni eða færri en áður og auknar kröfur eru gerðar til stjórnsýslunnar um fagmennsku, skilvirkni og gegnsæi. Þegar höfð er hliðsjón af núverandi skipulagi Stjórnarráðsins þykir kjararáði rétt að gera áfram greinarmun á mánaðarlaunum skrifstofustjóra, sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra, og mánaðarlaunum þeirra sem stýra skrifstofu og heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Munur á mánaðarlaunum staðgengils ráðuneytisstjóra og annarra skrifstofustjóra verður aukinn. Þá verður einnig gerður greinarmunur á fjölda eininga skrifstofustjóra, sem ekki stýra skrifstofu eða heyra undir annan skrifstofustjóra, og fjölda eininga þeirra sem stýra skrifstofu og heyra beint undir ráðuneytisstjóra. Innan hvors hóps sem áður er getið verður fjöldi eininga þó sá sami. Þannig verður horfið frá því fyrirkomulagi að teknar séu sérstakar ákvarðanir fyrir hvern og einn skrifstofustjóra um mánaðarlegar einingar. Við ákvörðun launa skrifstofustjóra er að öðru leyti höfð hliðsjón af launum ráðuneytisstjóra auk þess sem gætt er að því innbyrðis samræmi sem ráðinu ber að hafa að leiðarljósi og áður er getið.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör skrifstofustjóra í Stjórnarráði Íslands skuli vera svo sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. júlí 2016 skal greiða skrifstofustjórum í Stjórnarráði Íslands mánaðarlaun og einingar fyrir alla yfirvinnu sem starfinu fylgir eins og hér segir:

Mánaðarlaun skrifstofustjóra sem ekki stýrir skrifstofu eða heyrir undir annan skrifstofustjóra, skulu vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 22 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Mánaðarlaun skrifstofustjóra sem stýrir skrifstofu og heyrir beint undir ráðuneytisstjóra, að undanskildum staðgengli ráðuneytisstjóra, skulu vera samkvæmt launaflokki 502-137, nú 989.836 krónur. Mánaðarlaun staðgengils ráðuneytisstjóra skulu vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 1.058.376 krónur. Að auki skal greiða þeim 33 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skrifstofustjóra gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber